



Námsáætlun

FATA3Is05 vorönn 2021

Kennari: Íris Bjarnadóttir

Lýsing

Þessi áfangi er seinni hluti lokaáfanga í fatahönnun. Til þess að geta tekið þennan áfanga þarf að hafa staðist FATA3If05. Í þessum hluta er öll vinna kláruð í tengslum við lokaverkefnið.

Nemendur vinna sjálfstætt að hönnunarverkefni í formi þemavinnu. Nemendur skila hugmyndavinnu, fylgja skipulögðu vinnuferli í formi skissubókar þar sem tilgreindar eru forsendur fyrir hugmyndum, framkvæmd og framvindu verksins auk undirbúnings-, tilrauna- og rannsóknarvinnu. Nemendur skila vandaðri ferilmöppu.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvað fólgir sé í sjálfstæðum, faglegum og skapandi vinnubrögðum varðandi framkvæmd verksins á öllu vinnuferlinu
- gerð vinnuáætlana, greiningu og endurmati verkþátta
- mikilvægi þess að rýna í eigið verk og annarra á uppbyggilegan hátt
- mikilvægi þess að geta komið vinnu sinni á framfæri á fjölbreyttan máta

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka sjálfstæða ákvörðun varðandi verkefnaval
- sýna sjálfstæð, fagleg og skapandi vinnubrögðum varðandi framkvæmd verksins
- skilgreina forsendur fyrir hugmyndum, framkvæmd og framvindu verksins
- setja fram vinnuáætlun og greina verkþætti
- endurmeta hugmyndir sínar og framkvæmd verksins í öllu vinnuferlinu
- rýna í eigið verk og rökstyðja niðurstöður bæði munnlega og skriflega
- koma vinnu sinni á framfæri á fjölbreyttan máta

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tileinka sér sjálfstæð, fagleg og skapandi vinnubrögð
- skilgreina forsendur og greina og endurmeta verkþætti
- koma vinnu sinni á framfæri á fjölbreyttan máta
- útbúa ferilmöppu sem nýst getur sem umsókn í nám og störf

Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01. 24.-26. feb.	Á þessu stigi eiga allar flíkur að vera saumaðar og prufaðar í léreft. Passa að allar breytingar séu komnar á snið. Saumavinna hefst í endanlegt efni. Vinna í ferilmöppu þarf að eiga sér stað meðfram saumavinnu.		
02. 1.-5. mars	Saumavinna		



03. 08-12. mars	Saumavinna		Úrsagnareindagi 9. mars.
04. 15.-19 mars	Saumavinna		Námsmatsdagur 19. mars
05. 22.-26. mars	Saumavinna		Miðannarmat
29. mars-6. apríl			Páskafri
06. 07.-09. apríl	Saumavinna		Miðannarmat
07. 12.-16. apríl	Saumavinna		
08. 19.-23. apríl	Saumavinna		Sumardagurinn fyrsti 22. apríl
09. 26.-30. apríl	Saumavinna	30. apríl - Allar flíkur tilbúnar	Námsmatsdagur 28. apríl
10. 03-07. maí	Vinna í ferilmöppu	Tískusýning	
11. 10.-14. maí	Vinna í ferilmöppu		Uppstigningardagur 13. maí
12. 17.-18. maí	Frágangur	18. maí – Skila ferilmöppu	

Námsmat

FATA3ls05 er símatsáfangi. Lögð áhersla á frumkvæði, frumleika, sjálfstæði og skapandi vinnubrögð. Lagt er mat á hugmyndavinnu, skissubók og ferilmöppu, lokaafurð og þátttöku í kynningu á verkum sínum og annarra.

ATH! reiknað er með mikilli heimavinnu og sjálfstæðri vinnu í sniðagerð, saumum, teikningum og tölvum.

- Hugmyndaspjöld, skissubók, tilraunavinna og leit: 10%
- Sniðaútfærsla, saumur og frágangur 20%
- Lokaverkefni/ frumleiki, útfærsla, heildarmynd: 35%
- Ferilmappa, tiskuteikningar, vinnuteikningar 20%
- Þátttaka í sameiginlegu skipulagi 10%
- Lokagreinagerð 5%

87% Raunmæting

Nemandi getur unnið upp veikindafjarvistir með því að mæta í tvö opin verkstæði ef raunmæting nær 75%.

Ein veikindafjarvist er felld niður á móti einni kennslustund á opnum verkstæðum sem geta verið samtals 8 kennslustundir.

Ef þessum skilyrðum er ekki náð er nemandi fallinn í áfanganum.

Ef 87% raunmætingu er hins vegar fullnægt þarf nemandi að ná einkunninni 4,5 til að ná áfanganum.